

94. fundur stjórnar VMÍ

Haldinn í Ráðhúsi Akureyrarbæjar

Fimmtudaginn 27. október 2016 kl. 16.15



Mætt voru:

Þórunn Sif Harðardóttir, Óskar Þór Ármannsson, Friðrik Einarsson, Siguróli Magni Sigurðsson og Margrét Ólafsdóttir. Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir og Helga S. Guðmundsdóttir boðuðu forföll.

Þórunn Sif formaður stjórnar setti fundinn.

1. Ný stjórn VMÍ

Ný stjórn skipti með sér verkum. Samþykkt var að Margrét Ólafsdóttir ritaði fundargerðir stjórnar og að Siguróli M. Sigurðsson tæki að sér að sjá um heimasíðu VMÍ.

Sagan, hlutverk VMÍ og framtíðarsýn voru rædd. Friðrik Einarsson sat í fráfarandi stjórn og fór hann yfir söguna og núverandi stöðu. Samningur um fjárfestingar með aðkomu ríkis að 1/3 ríki og Akureyrarbæjar að 2/3 rann út árið 2008. Frá 2008 hefur verið unnið skv. samningi um rekstur VMÍ þ.e. skrifstofuhald og fræðsluhlutverk sem skilgreint er í reglugerð. Starfsmaður VMÍ hætti fyrir 2 árum síðan og ákveðið var að ráða ekki nýjan starfsmann meðan ekki væri í gildi samningur um fjárfestingar. VMÍ hefur fundað með fulltrúum Akureyrarbæjar til að kanna leiðir til að koma á nýjum fjárfestingarsamningi.

Verkefnalisti VMÍ (áætlun) og verkferlar voru rædd og stjórn var sammála um að æskilegt væri að VMÍ færi í viðræður og verkefnavinnu með fulltrúum Akureyrarbæjar.

Fyrir liggur að klára áætlun í fræðslumálum.

2. Erindi til VMÍ

Umsókn frá ÍHÍ um styrk til að halda HM kvenna á Akureyri var tekið fyrir og samþykkt.

3. Hlutverk og verkefni VMÍ – Verkefni VMÍ, ríkis og Akureyrarbæjar

Fulltrúar frá Akureyrarbæ komu inn á fundinn. Ingibjörg Ó. Isaksen formaður Íþróttaráðs, Ellert Örn Erlingsson framkvæmdarstjóri Íþróttaráðs og Matthías Rögnvaldsson bæjarfulltrúi mætti í forföllum Eiríks Björns Björgvinssonar bæjarstjóra.

Starfsemi VMÍ var rædd stuttlega og var staðfestur sameiginlegur skilningur fundarmanna á að rekstrarsamningur væri útrunninn en starfi VMÍ væri haldið við í hans anda.

Fram kom að Akureyrarbær er hlynntur áframhaldandi uppbyggingu í Hlíðarfjalli. Á áætlun eru kaup á nýjum troðara og nýrri lyftu. Frumkvæði vina Hlíðarfjalls við uppbyggingu er fagnað en reksturinn er vandamál. Hugmyndir Akureyrarbæjar um framtíð Hlíðarfjalls voru ræddar.

4. Önnur Mál

Fundaráætlun var rædd og ákveðið að hafa næsta fund í lok nóvember.

Fundi slitið kl. 18.15

MÓ